

Málum vísað til fræðslu og menningarsviðs

Fundur nr. 2 dags. 17.9.2014 liður 3

Efni Hvítbók um umbætur í menntun

Bókun

Skólanefnd kallar eftir gögnum varðandi læsisstefnu frá grunnskólum Garðabæjar þar sem fam koma viðmið um lágmarkshæfni, aðferðir við mat, skimanir og eftirlit.

Fundur nr. 5 dags 4.12.2014 liður 4

Efni Tillaga um að settar verði reglur um samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarfélög

Bókun

Ákveðið að skoða með hvaða hætti þessi mál eru í nágrannasveitarfélögum, kalla eftir upplýsingum frá skólunum, taka málið upp aftur og meta í framhaldinu hvort ástæða sé til að setja sérstök við mið í Garðabæ

Síðari bókun

9. fundur 20/2/15, 4. tl., Skólanefnd leggur til að samskipti skóla og trúfélaga séu í samræmi við tillögur menntamálaráðuneytis.

Fundur nr. 12 dags 21.4.2015 liður 2

Efni Aðgerðir til að efla læsi í grunnskólum Garðabæjar

Bókun

Leggja þarf áherslu á samvinnu skólastiga (leik- og grunnskóla) og einnig samvinnu grunnskóla á þessu sviði. Nauðsynlegt er að skólar hafi skilgreinda verkferla um samvinnu við foreldra í lestrarkennslunni og bjóði foreldrum nemenda með sértæka lestrarefiðleika upp á faglega aðstoð og tryggi samvinnu við þá um lestrarnám barnsins. Skólanefnd felur fræðslu og menningarsviði að kalla eftir lestrarstefnum skólanna og viðbrögðum/aðgerðum varðandi nemendur sem eru samkvæmt skimunum líklegir til að lenda í erfiðleikum með lestrarnámið.

Fundur nr. 12 dags 21.4.2015 liður 3

Efni Tölvur, tæknimál og kennsluhættir í grunnskólum Garðabæjar

Bókun

Skólanefnd felur fræðslu og menningarsviði að kalla eftir upplýsingum frá skólunum um hvernig upplýsingatæknikennslu er háttað og hver er þeirra framtíðarsýn þar

Síðari bókun

13. fundur 11/6/15, 4. tl. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með þessa kynningu í kjölfarið skapast umræður um skipulag kennslu og framtíðarsýn í upplýsinga- og tæknimenntun í grunnskólum Garðabæjar

Fundur nr. 13 dags 11.6.2015 liður 3

Efni: Tillaga um hinsegin fræðslu

Bókun

Skólanefnd felur fræðsluviði að koma með tillögur til skólanefndar um hvernig heppilegast sé að standa að fræðslu sem þessari

Síðari bókun

14. fundur 24/9/15, 8. t., Skólanefnd tekur jákvætt í erindið og felur skóladeild í samvinnu við skólastjóra nánari útfærslu

Fundur nr. 14 dags 24.9.201511.6.2015 liður 2

Efni: Þjóðarsáttmáli um læsi

Bókun

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með þjóðarsáttmálann. Í samræmi við skólastefnu Garðabæjar munu allir leik- og grunnskólar í Garðabæ endurskoða lestrarstefnur sínar. Skólanefnd í samstarfi við skólastjóra mun leggja fram tillögur um hvernig Garðabær geti sem best staðið við sinn hluta samningsins. Skólanefnd felur skóladeild að kalla eftir tímasettri aðgerðaráætlun frá Menntamálastofnun varðandi þeirra hluta samningsins þannig að bærinn geti skipulagt vinnu sína sína í samræmi við það.

Fundur nr. 14 dags 24.9.201511.6.2015 liður 3

Efni Ársskýrslur grunnskóla 2014-2015

Bókun

Ársskýrslur grunnskólanna lagðar fram til kynningar. Skólanefnd þakkar skólastjórnendum fyrir upplýsandi skýrslur sem bera vott um metnaðarfullt skólastarf og gefa góða mynd af starfi skólanna sl. skólaár. Skólanefnd felur skóladeild í samvinnu við skólastjóra að kom með tillögu að samræmdu samantektarblaði þar sem fram koma lykilþættir skólastarfs.

Fundur nr. 14 dags 24.9.201511.6.2015 liður 6

Efni Áskorun um gjaldfrjálsan grunnskóla

Bókun

Lagt fram til kynningar. Rætt um kostnað við námsgögn og vettvangsferðir. Mikilvægt að í skólanum sé lögð áhersla á góða nýtingu námsgagna og að farið sé lögum hvað varðar kostnað sem fellur á foreldra vegna námsgagna og vettvangsferða. Skóladeild falið að kalla eftir tillögum frá skólastjórnendum um hvernig hægt sé að lágmarka þann kostnað sem fellur á foreldra vegna námsgagna.

Fundur nr. 16 dags 3.11.2015 liður 4

Efni Undirbúningsvika á tómstundaheimili fyrir nemendur sem hefja nám í 1. Bekk

Bókun

Skólanefnd tekur jákvætt í erindið út frá sjónarhóli barnsins og aðlögunarferli þess í skóla. Skóladeild falið að afla upplýsinga um kostnað vegna þessa fyrir alla skóla bæjarins.

Fundur nr. 19 dags 29.2.2016 liður 5

Efni Verkferlar grunnskóla þegar upp kemur samskiptavandi meðal nemenda

Bókun

Skólanefnd felur eineltisteymi Garðabæjar að skoða verklag varðandi tilkynningar og úrvinnslu mála og meta hvort þörf sé á frekari fræðslu eða stuðningi við starfsfólk.

Fundur nr. 20 dags 10.3.2016 liður 1

Efni Frítíminn er okkar fag - skýrsla ráðstefnu 16. okt 2015

Bókun

Lagt fram til kynningar. Skóladeild falið að kanna nýtingu 10 - 12 ára barna í Garðabæ á tómstundastarfi þar sem það er í boði.

Fundur nr. 20 dags 10.3.2016 liður 3

Efni Starfsemi tómstundaheimila

Bókun

Skólanefnd felur fræðslu- og menningarsviði að kanna hversu mörg börn nýta tómstundaheimili á sameiginlegum starfsdögum og í öðrum skólafríum.